



13. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 2. febrúar 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Jón Bender (JB), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁA), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH)

Fjarverandi: Einar Hannesson (EH) gjaldkeri

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og verið birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir nokkur mál til upplýsinga.

3. Fjármál – uppgjör 2025

Uppgjör fyrir árið 2025 lagt fram. Tekjur ársins voru kr. 392.191.039 en gjöld kr. 380.040.931, hagnaður var því á árinu uppá kr. 12.150.108, sem er vel. Þrátt fyrir það er eigið fé áfram neikvætt upp á tæpar 5 milljónir. Áætlun fyrir árið 2025 gerði ráð fyrir hagnaði uppá kr. 11.546.416 og stóðst áætlun því ágætlega. Sérstaklega var rædd um kostnað vegna lokamóts EuroBasket hjá karlalandsliðinu. Skv. ársuppgjörinu þá var kostnaður við mótið 5 milljónum lægri en áætlun.

Góðar umræður voru um uppgjörið.

4. Markaðs-og kynningarfulltrúi – nýtt stöðugildi

Hátt í 40 umsóknir skilað sér inn núna, töluvert verið haft samband og spurt út í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

5. Móthaldið

SS og HSJ fóru yfir nokkur atriði í mótahaldinu, bæði yngri flokka sem og meistaraflokka. Mótahaldið hefur vaxið og vaxið undanfarin ár, hugsanlega þarf að fara gera einhverjar breytingar því tengdu, verður það rætt frekar í mótanefnd á næstu vikum. Góðar umræður um mótahaldið

6. Landsliðsmál

HA og HSJ fóru yfir nokkur mál. Í síðustu viku voru hópar yngri landsliða skornir niður frá æfingum í kringum jólin. Farið yfir undirbúning leikjanna hjá karlalandsliðinu í undankeppni HM2027, heimaleikur föstudaginn 27. febrúar við Litháen og útileikur mánudaginn 2. mars einnig við Litháen. Undankeppni EM2027 hjá kvennalandsliðinu verður í mars, útileikur við Serbíu miðvikudaginn 11. mars og heimaleikur við Portúgal þriðjudaginn 17. mars.

7. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

8. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 9. mars

9. Önnur mál

Fundi slitið kl.18.45